



Launavísitalan hækkar jafnt og þétt

Launavísitalan hækkaði um 0,4% milli maí og júní samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Síðustu 12 mánuði hefur launavísitalan hækkað um 7,7%, sem er eilítið hærri árstaktur en verið hefur síðustu mánuði.

Launavísitalan hækkaði um 3,7% í janúar vegna áfangahækkana í kjarasamningum og hefur nú hækkað um samtals 5,5% á fyrstu sex mánuðum ársins. Ekki hefur verið um almennar launahækkunar á ræða samkvæmt kjarasamningum síðan í janúar og kjarasamningsbundnar hækkunar verða ekki aftur fyrr en í janúar 2022. Út frá því hefði mátt ætla að launaþróun væri á rólegum nótum um þessar myndir og staðan yrði þannig út árið. Viðvarandi 0,4% launahækkun á mánuði samsvarar hins vegar tæplega 5% launahækkun á einu ári þannig að það er langt frá því að markaðurinn sé rólegur.

Kaupmáttur launa lækkar en þó áfram nálægt hæstu hæðum


Vísitala neysluverðs hækkaði um 4,3% milli júnímánaða 2020 og 2021. Launavísitalan hækkaði um 7,7% á sama tímabili þannig að kaupmáttaraukningin á milli ára var 3,3%.

Kaupmáttur launa er því áfram mikill í sögulegu samhengi þrátt fyrir töluverða verðbólgu á síðustu mánuðum. Kaupmáttarvísitalan hefur lækkað eilítið frá því í janúar og var kaupmáttur launa í júní 0,8% lægri en í janúar, en þá var kaupmáttur í sögulegu hámarki.

Opinberi markaðurinn hækkar meira


Í apríl 2020 hækkuðu laun nær allra í landinu vegna kjarasamninga. Á þeim tímamarki má segja að opinberi markaðurinn hafi unnið upp þá töf sem orðið hafði á kjarasamningsbundnum launahækkunum miðað við almenna markaðinn. Sé litið á launabreytingar hjá stóru hópnum á vinnumarkaðnum frá apríl 2020 fram til sama tíma 2021 sést að launin á almenna markaðnum hækkuðu um 5,8% á þessum tíma og um 11,1% á þeim opinbera, 9,9% hjá ríkinu og 12,6% hjá

12 mánaða hækkunartaktur launa




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launaþróun og kaupmáttur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launahækkun einstakra hópa
apríl 2020 - apríl 2021



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



sveitarfélögunum. Mæld launavísitala hækkaði um 7,4% á sama tíma.

Opinberi markaðurinn hefur þannig verið leiðandi í launabreytingum á tímabilinu, þrátt fyrir að staða kjarasamningagerðar hafi jafnast.

Launabreytingar starfsstétta

Af starfsstéttum á almenna markaðnum hækkuðu laun þjónustu-, sölu og afgreiðslufólks mest, eða um 9,1% milli ára í apríl. Laun tækna og sérmenntaðs fólks hækkuðu minnst, eða um 3,7%. Launavísitalan hækkaði um 7,4% á tímabilinu þannig að einungis laun þjónustu-, sölu og afgreiðslufólks og verkafólks hafa hækkað meira en meðaltalið og laun annarra starfsstétta minna, sérstaklega tækna. Stærsti hluti hækkingar launavísitölunnar er því á opinbera markaðnum.


Laun í atvinnugreinum

Meðal atvinnugreina á almenna markaðnum hækkuðu laun í apríl mest milli ára í verslun og viðgerðum, um 7,5%, og áberandi minnst í fjármála- og váttryggingastarfsemi, um 3,2%. Tekjur eru almennt hærri í fjármála- og váttryggingastarfsemi þannig að krónutöluhækkanir kjarasamninga verða almennt lægri þar en í öðrum greinum.

Tiltölulega miklar breytingar


Að öllu þessu sögðu er niðurstaðan áfram sú að launabreytingar eru nokkuð stöðugar nú um stundir og meiri en ætla mætti vegna stöðunnar í hagkerfinu og kjarasamninga.

**Launahækkun starfsstétta
Apríl 2020 - apríl 2021**



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

**Launahækkun í atvinnugreinum
Apríl 2020 - apríl 2021**



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfræðideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.